

## 4.fundur skólanefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022-2026, vegna Undralands.

Haldinn 6.des 2022 kl. 16:30 í leikskólanum Undralandi

**Mætt:** Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson, Valdís Magnúsdóttir staðgengill leikskólastjóra, Alda Kristín Jóhannsdóttir fulltrúi starfsfólks og Edda Arndal fulltrúi foreldra og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig mætti á fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

### Dagskrá:

1. Samantekt frá leikskóla.
2. Sveitarstjóri kemur á fund og kynnir fyrir skólanefnd drög að fjárhagsáætlun og gjaldskrá.
3. Umræða um innleiðingu nýrra farsældarlaga í leikskólanum Undralandi.
  - a. Samráðshópur
  - b. Erindi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu frá 4. nóvember sl.
4. Gátlisti
  - a. Foreldraráð.

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn.

#### 1. Samantekt frá leikskóla.

Valdís fór yfir starf leikskólans. Starfið hefur verið fjölbreytt og gengið vel þrátt fyrir stöðu mála í starfsmannamálum. Mikið álag hefur verið vegna starfsmannaeklu og því hefur þurft að grípa til faliðunarstefnunnar nokkrum sinnum frá því leikskólinn hófst í ágúst og senda börn heim. Nokkur börn eru á biðlista og ekki er séð að hægt verði að taka þau inn eins og stendur.

Einnig er ljóst að enn fækkar í starfsmannahópnum um áramót og því er nauðsynlegt að endurskoða starf leikskólans með tilliti til þess. Starfsfók hefur lýst yfir áhyggjum með stöðu mála nú um áramót. Auglýst hefur verið eftir starfsfólki og er nauðsynlegt allir leggist á árarnar að finna gott fólk til vinnu. Í ljósi þess hvernig staðan er varðandi starfsmannamál leggur skólanefnd til að engin ný börn verði tekin inn í skólann á næstu mánuðum nema ef staðan breytist. Leggur skólanefnd til að staðan verði endurmetin í byrjun apríl.

Nauðsynleg er að klára framkvæmdir innanhúss í leikskólanum og bæta náms- og starfsmannaaðstöðu. Sveitarstjóra og leikskólastjóra falið að fara yfir og leggja fram tímasettar hugmyndir að verkáætlun.

Foreldrafélagið bauð upp á sýninguna Grýla og jólasveinarnir, vel heppnuð sýning og er foreldrafélaginu þakkað fyrir boðið. Birgitta Haukdal kom í heimsókn og kynnti bókina sína og las og söng fyrir börnin. Sabína Steinunn kom og hélt fyrirlestur í tengslum við Heilsueflandi samfélag og var öllum boðið að koma. Góður fyrirlestur og gaman hefði verið að fleiri hefðu séð sér fært að mæta á hann. Jólballið verður haldið í félagsheimilinu 16.des.

Farið yfir stöðu mála vegna breytinga í Skóla- og Velferðarþjónustu Árnesþings.

2. Aldís sveitarstjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og gjaldskrár fyrir árið 2023. Farið var yfir stöðuna og rætt um eintaka liði.

Varðandi fjárhagsáætlun leggur Halldóra fram eftirfarandi bókun:

Í ljósi þess að gögn tengd drögum að fjárhagsáætlun bárust ekki nefndarfólki fyrir fund, þrátt fyrir óskir þar um, legg ég fram eftirfarandi bókun.

„Það eru slæm vinnubrögð að meirihluti sveitarstjórnar treystir ekki nefndum sínum til að fá gögn tengd fjárhag og fjárhagsáætlun viðkomandi nefndar. Samkvæmt lögum eiga nefndarfulltrúar rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum úr stjórnsýslu sveitarfélags er tengjast málefnum viðkomandi nefndar. Það er óljóst hvernig meirihluti sveitarstjórnar ætlar nefndarmönnum að undirbúa sig fyrir það starf sem þeim er falið með, setu í nefndum, ef þeir fá ekki þau gögn sem þarf fyrir fundi til að kynna sér og til að geta tekið upplýsta ákvörðun um málefni fundarins. Það er von mín að meirihlutinn sjái að sér hvað þetta varðar og átti sig á að samtal og samvinna er góð leið til að ná árangri.“

Varðandi drög að gjaldskrá:

Gerð er tillaga að breytingu á innheimtu leikskólagjalda sem fela í sér að gert er ráð fyrir að börn fái gjaldfrjálsar 6 klukkustundir á dag í leikskóla. Fyrir sjöundu og áttundu klukkustundina verði greitt gjald. Með þessu er komið til móts við þau sjónarmið sem komið hafa fram um breytt eðli leikskólastarfs og vonir bundnar við að dvalartími barna styttest með það að markmiði að auka samverustundir fjölskyldunnar. Er vonast til að samfélagið allt sýni þessu skilning. Skólanefnd leggur til breytingar á drögum þannig að vistun frá kl 14-15 verði verði kr 6000 og vistun frá kl 14-16 verði kr 18.000. Einnig verði bætt við undir lið 1 upplýsingum varðandi börn sem óska eftir vistun en eiga ekki lögheimili í sveitarfélaginu.

3. Formaður sendi skólastjórum og sérkennslustjórum beggja skóla póst vegna erindis sem vísað var til skólanefndar frá mennta-og barnamálaráðuneytinu í byrjun nóvember. Rætt um erindið og um innleiðingu farsæðarlaga. Nauðsynlegt er að hefja vinnu að innleiðingunni.

Skólanefnd leggur til við sveitarstjórn að stofnaður verði undirbúningshópur að innleiðingu farsæðarlaganna. Skólanefnd telur æskilegt að í hópnum verði tengiliðir frá grunnskóla, leikskóla, skólanefnd, sveitarstjórn og að auki sitji í honum skólastjórnendur skólanna.

4. Gátlisti

Farið var yfir 6.lið í gátlista. Foreldraráð.

Í foreldraráði eru þrír aðilar. Í dag eru einungis einn fulltrúi í ráðinu og því nauðsynlegt að kosnir séu tveir til viðbótar. Valdísi falið að vinna að því að kosið verði í ráðið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 19:20